

Bragi Leifur Hauksson

Minningar um traustan vin og góðan félag



Bragi Leifur í metró í París á leið til Roland Garros á French Open 2007

Bragi Leifur Hauksson, vinur minn og samstarfsmaður til margra ára, lést langt um aldur fram 20. júní sl. og var jarðsettur 13. júlí 2023. Við nokkrir tennisfélagar hans kvöddum hann með minningagrein í Morgunblaðinu, sem fer hér á eftir. Hún miðlar ekki nema broti af þeim minningum sem við eigum um Braga eftir áratuga kynni í starfi og leik. Hluta af þeim setti ég á blað í framhaldi af minningargrein okkar.

Andlát Braga Leifs Haukssonar var harmafregn. Við kynntumst Braga sem samstarfsmanni á níunda og tíunda áratug síðustu aldar þegar rafræn tækni hóf innreið í stjórnsýslu landsins og Bragi, menntaður tölvufræðingur, hóf störf í stjórnarráðinu. Varð hann okkur fáfróðum á því svið fljótt ómetanlegur lærifaðir og setti sitt mark á þróun hennar þar og síðar hjá ríkisskattstjóra, Tryggingarstofnun ríkisins og víðar. Þetta samstarf leiddi til samskipta á öðrum sviðum og ævilangrar vináttu.

Bragi var afar minnisstæður persónuleiki, léttur í lund og skemmtilegur félagi með fjölbreytt áhugamál og líflega frásagnarlist. Hann hafði ákveðnar skoðanir sem einkenndust af sterkri réttlætiskennnd, trygglyndur og vingóður. Ræktarsemi hans við foreldra sína og venslafólk leyndi sér ekki. Missir þeirra er mikill.

Í námi sínu í BNA hafði Bragi kynnst tennisíþróttinni og ekki leið á löngu þar til hann hafði smitað okkur með áhuga á henni. Lögðum við stund á hana innan tennisdeildar Þróttar og leið ekki á löngu uns Bragi var orðinn lífið og sálin í starfi hennar. Bragi sat í stjórn hennar, starfaði sem formaður hennar mörg undanfarin ár og var lengi í stjórn Tennissambands Íslands. Hann var lífið og sálin í daglegu starfi deildarinnar, dreif áfram sjálfböðastarf félaganna við umhirðu tennisvallanna, sá um skipulagningu tennisháskóla og beitti sér til síðasta dags fyrir kynningum á íþróttinni fyrir ungmenni og fullorðna.

Bragi var kappsamur og góður tennisleikari með sérstæðan leikstíl. Leik- og vallarskynjun hans, fjölbreytt boltatækni og

hraðabreytingar í spili komu oft að óvörum og brutu niður hefðbundið spil andstæðingsins en öllum leikjum var lokið með bros á vör hvernig sem þeir fóru.

Tennisiðkun okkar var ekki bundin við vellina í Laugardalnum. Árum saman fór nokkur hópur tennisleikara og áhangenda þeirra undir forystu Braga í tennisferðir til Króatíu að strönd Adríahafsins þar sem finna má gnægð tennisvalla og vel viðrar til spilamennsku. Er margs gleðilegs að minnast úr þeim ferðum.

Áhugi Braga var ekki eingöngu bundinn við tennis. Hann var listhneigður eins og hann á kyn til og var einnig einn af bestu bridge-spilurum landsins með góða sigra á þeim vettvangi m.a. nokkra Íslandsmeistarátitla. Meðspilari hans um hríð var Sigtryggur Sigurðsson glímukappi, m.a. þekktur fyrir að lýsingum af glímum hans lauk jafnan með orðunum “og Sigtryggur vann.” Má vel heimfæra þau orð á þá félaga sameiginlega eftir glímur við spilaborðið.

Við höfum lengi haft þann hátt á að snæða saman hádegisverð mánaðarlega á góðum veitingastað sem Bragi valdi jafna af smekkvísi og matarást. Eru málefni líðandi stundar krufinn til mergjar, sameiginlega áhugamál rædd og rifjaðar upp góðar minninga. Höfum við ákveðið að halda þeim síð áfram í minningu um góðan vin og traustan félag. Hans verður sárt saknað.

Foreldrum Braga og aðstandendum sendum við innilegar samúðarkveðjur.

Guðmundur Björnsson, Gunnar H. Hall, Indriði H. Þorláksson, Þórhallur Arason, Ævar Ísberg

Viðkyrning og samstarf

Ég kynntist Braga þegar við störfuðum báðir í fjármálaráðuneytinu á níunda tug síðustu aldar. Bragi kom kom þar til starfa þegar stafræn tækni var að hefja innreið sína í opinbera stjórnsýslu á Íslandi og var hann ráðinn til að nýta hana við gerð fjárlaga. Bragi var menntaður í tölvufræðum og hvalreki fyrir okkur hin sem fæst kunnum að vélrita en fengum nú tölvuskjá og lyklaborð og áttum að skrifa bréf og greinargerðir með eigin fingrum. Ljúfmennið Bragi taldi ekki eftir sér að kenna okkur töframál tölvunnar, sem ekki bara skrifaði bréf og sendi þau til prentunar en reiknaði einnig flókin dæmi, fletti upp í gögnum og sendi skjöl úr einni tölvu í aðra.

Ég hafði fengið tölvuhlunk á skrifborð mitt sem neitaði að hlýða mér nema gegn lykilorði. Bragi birtist í dyrunum eins og kallaður og spurði ég hann hvaða fyrirbæri lykilorð væri? Sagði hann það vera stafaruna til að múta maskínunni með. Þetta lykilorð mætti enginn þekkja annar en ég og það yrði ég að muna því ella myndi ég að stara á grænan skjáinn daginn langan. Ég mætti ekki nota nafn mitt eða einhverra nákominna og ekkert sem tengdist mér með nokkrum hætti. Sem sagt orð algerlega ótengt mér. Ég spurði hvernig í ósköpunum væri hægt að muna slíkt orð, hvað myndi hann sjálfur gera? Braga brá hvergi en leit á bókahilluna að baki mér og sagði: Ég myndi velja svona 5 til 10 bókstafa runu innan úr nafni einhvers bókar sem þú ert viss um að verði alltaf að baki þér þegar á þarf að halda. Svo gekk hann út. Ég fór að hans ráðum og nota þetta lykilorð enn í dag, þótt bókahillan sé ekki lengur til staðar og nafn bókarinnar gleymt.

Bragi var ráðagóður eins og þetta dæmi sýnir en var einnig brögðóttur ef svo bar undir. Þegar ég tók fyrirvaralítið við embætti hagsýslustjóra haustið 1988 var fjárlagafrumvarpið langt komið í vinnslu. Bragi ásamt öðrum starfsmönnum vildu reyna þolrif og vinnubrögð nýs yfirmanns og settu inn í drög að greinargerð frumvarpsins nokkrar meinlegar villur og átti að sjá hvort ég tæki eftir þeim við lokayfirlesturinn. Mig hafði grunað að brögð yrðu í tafla og fann fljótt nokkrar klókindalega faldar staðleysur en yfirsást sú stærsta og augljósasta þar sem framlag til góðs málaefnis var sagt hafa verið tífaldað milli ára. Eftir á að hyggja má spyrja hvort ekki hefði ekki bara verið gott að hleypa þeirri breytingu í gegn.

Á fyrsta ári mínu í embætti Ríkisskattstjóra í ársbyrjun 1999 var hafist handa við að gera skil og úrvinnslu á framtölum einstaklinga rafræn og nauðsyn var á að styrkja tölvudeild embættisins. Þegar ég frétti að Bragi væri fús til að skipta um starfsvettvang hikaði ég ekki við að bjóða honum starf. Vann hjá embættinu allan þann tíma sem ég var í forsvari þess og átti drjúgan þátt í því að á fáum árum tókst að fá mikinn meirihluta framteljenda til að tileinka sér rafræn skil á framtölum. Náðist það fyrr en í nokkru öðru landi. Var það ekki síst því að þakka að áhersla var lögð á að gera framtalið notendavænt og boðið upp á á þjónustu, aðstoð og leiðbeiningar við framteljendur. Störf Braga og annarra starfsmanna RSK í því efni skiptu sköpum. Eftir störf hjá RSK starfaði Bragi hjá Tryggingastofnun ríkisins, Island.is og Þjóðskrá við að auðvelda almenningi aðgang og samskipti við stjórnsýslu ríkisins.

Tennisfélaginn

Á tíma okkar Braga í fjármálaráðuneytinu lágu leiðir okkar einnig saman á tennisvelli. Bragi hafði kynnst þeirri íþrótt á námsárum sínum í Bandaríkjunum. Ég hafði lítilliga reynt fyrir mér á tennisvelli í sumarfríum erlendis en stóð Braga langt að baki í kunnáttu þá sem alla tíð síðan. Braga tókst að kynna íþróttina fyrir nokkrum öðrum samstarfsmönnum okkar og draga okkur á tennisvelli Þróttar sem þá voru við Sæviðarsund. Fljótlega myndaðist um hann fastur hópur sem mætti þar

reglulega til leiks. Auk okkar Braga voru í honum Þórhallur Arason, sem átt fyrir fjölskyldutengsl við tennis, Guðmundur Björnsson og Gunnar H. Hall. Úr þessum áhuga á tennis óx vinátta og hefur þessi hópur haldið saman alla tíð síðan. Þótt flestir okkar hafi lagt tennisspaðann á hilluna höfum við haldið þeim sið að snæða mánaðarlega saman hádegisverð og ræða málin. Hafði Bragi jafnan



Tennisfélagarnir Þórhallur, Bragi, Guðmundur, Gunnar og Indriði á góðri stund. Bragi sæmdi okkur orðum fyrir vináttu en ekki íþróttafrek.

forgöngu um undirbúning þessara samfunda og val á veitingastöðum.

Um aldamótin ákvað Þróttur að leggja niður tennisvöllina við Sæviðarsund og flytja starfsemi félagsins niður í Laugadal. Varð með því nokkurt rof á tennisíðkun hópsins þar sem gerð nýrra valla tók lengri tíma en ætlað hafði verið. Einnig stóð svo á að þeir einstaklingar sem verið höfðu í forystu fyrir tennisdeild félagsins vildu leggja keflið í hendur annarra. Varð þetta til þess að þessi hópur tók að sér stjórn tennisdeildarinnar og hefur haft aðkomu að henni síðan. Eftir að vellirnir í Laugardalnum voru komnir í notkun héldum við hópinn í tennisleiknum og skipulögðum

notkun vallanna og önnuðust umhirðu þeirra í góðri samvinnu við stjórn og framkvæmdastjóra Þróttar. Innan tíðar bættust tryggir liðsmenn í þennan kjarna m.a. fólk sem kynnst hafði íþróttinni fyrir tilstilli Braga svo sem Ævar Ísberg og Þrándur Arnþórsson þá samstarfsmenn okkar Braga hjá RSK sem verið hafa dyggir liðsmenn alla tíð síðan.

Meðal félaga í tennisdeild Þróttar voru m.a. hjónin Atli Arason og Guðný Eiríksdóttir sem höfðu beitt sér fyrir gerð vallanna við Sæviðarsund og stofnun tennisdeildar innan Þróttar ásamt Sveini Arasyni og Guðmundir Eiríkssyni og barist fyrir því að fá tennis viðurkenndan sem íþróttagrein innan félagsins. Var það ekki auðsótt á þeim tíma þegar starfsemi flestar íþróttafélaga í Reykjavík snérist um fótbolta og handbolta og erfitt að fá fé til annarra verkefna. Þeim til viðbótar má nefna Steinunni Garðarsdóttir sem verið hafði í stjórn deildarinnar og stjórnað hefur mótshöldum á vegum hennar og Margréti Svavarsdóttir. Bundust þau öll vináttuböndum við Braga þegar hann kom til liðs við tennisdeildina.

Meðal félaga í deildinni á þessum þessum tíma má einnig nefna Ágúst Ágústsson, Hróðmar Inga Sigurbjörnsson, bridge- og tennisfélagi Braga, og Garðar Jónsson, frumkvöðul að byggingu Tennishallarinnar í Kópavogi. Tíðir gestir á tennisvöllunum Þróttar voru einnig Halldór Jónsson



Bragi með hóp í kynningu árið 2010

verkfræðingur, Sævar Tjörvason, Ægir Breiðfjörð og Óskar Knudsen, formaður tennisdeildar Fjölnis, en deildirnar hafa lengi staðið sameiginlega að námskeiðum fyrir byrjendur og lengra komna tennisleikara.

Tennisdeild Þróttar var frá upphafi umhugað um útbreiðslu íþróttarinnar og hefur reynt að sinna kennslu í tennis eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Hún réði á tíunda áratugnum Króatann Bozo Scaramuca til að annast tennisþjálfun hjá félaginu. Taldi honum m.a. til

tekna að vera góðvinur Gorans Ivanisevich sigursæls tenniskappa á þessum tíma. Koma hans efldi starfsemina og skipti miklu máli fyrir þá sem nutum stífrar kennslu hjá honum. Nefndi hann oft og hafði gaman af hinum sérstæða en árangursríka tennisstíl Braga Leifs. Bragi lagði alla tíð áherslu á að kynna tennisíþróttina fyrir fólki og efndi oft til kynninga á henni fyrir starfsmannahópa og aðra. Í vikunni fyrir andlátíð hafði hann tekið þátt í kynningu á tennis fyrir börn í íþróttaskóla Þróttar og fleiri slíkar voru þá fyrirhugaðar. Bragi lagði jafnan áherslu á að tennis væri almenningsíþrótt sem hentaði öllum aldursflokkum og að mikilvægt væri að sem flestir ættu aðgengi að henni.

Þegar vetrarhörkur voru að baki kom jafnan herkvaðning frá Braga um að gera vellina klára fyrir sumarið, setja upp vindbrjóta umhverfis þá og hreinsa til. Að hausti var leikurinn endurtekinn, vindbrjótarnir teknir niður og þeim komið í geymslu. Sinnti hluti félaganna jafnan kalli Braga og mætti til starfa. Bragi og Ævar Ísberg höfðu meðferðis tól og efni sem til þurfti og stýrðu verkum. Reglulega þurfti að sinna viðhaldi, endurnýja vindbrjóta og net, bæta sandi á vellina og valta þá sem Bragi sá um í góðri samvinnu við framkvæmdastjóra Þróttar og vallarverði. Eins og við var að búast samdi Braga vel við stjórn og starfsmenn Þróttar sem kunnu að meta umhyggju hans fyrir vallarsvæðinu og áhuga hans á félagsstarfinu en hann tók einnig virkan þátt í vinnu félagsins að stefnumótun þess auk vinnu við framtíðaráætlanir um gerð innivalla fyrir tennis. Fyrir þetta starf var Bragi sæmdur silfur- og síðar gullmerki Þróttar.

Ferðir til Króatíu

Tennisleikir okkar voru ekki takmarkaðir við Laugardalinn og Ísland. Að tillögu Braga skipulögðum við ferðir til Króatíu til að spila tennis og njóta veðurbliðu við strönd Adríahafsins. Settum við okkur í samband við hótél þar sem áttu eða voru í nánd við tennisvelli og náðum samningum við þau um hagstæða gistingu í vikunum áður en háannatími sumarsins hófst hjá þeim. Var þá boð látið út ganga og ferðafélögum safnað þar til kominn var allt 8 til 12 manna hópur tennisleikara auk aðstandenda. Var yfirleitt flogið til Feneýja þar sem teknir voru bílaleigubílar sem haldið var meðan á dvölinni stóð.



Hluti hópsins 2008

Förinni var jafnan haldið til Porec, lítillar borgar á vestursrörnd Istriaskagans gegnt Feneýjum við botn Adríahafsins. Króatía var nýlega gengin í ESB. Sáut merki þess á hraðbrautunum sem verið var að leggja suður um landið og lengdust frá ári til árs. Porec er um 2000 ára borg þar sem Rómverjar reistu þar virki um 200 fyrir Krist burð og nefndu staðinn Parentium. Formlega var hún gerða að borg á tímum Ágústusar keisara. Ber borgin háum aldri vitni með lágum múrsteinsbyggingum og þröngum steinlögðum strætum.

Við bjuggum á hóteli í jaðri borgarinnar í göngufæri frá miðju þessarar ca. 16.000 manna borgar. Í gistingunni var innifalinn ríkulegur morgunverður og að kvöldi hlaðborð með krásum miðjarðarhafslandanna. Ógrynni af ávöxtum og grænmeti var á öllum borðum og jafnan voru 2-3 fiskréttir og 4-6 kjötréttir í boði auk brauðs og annars meðlætis og eftirrétt. Þessu mátti skola niður með víni eða bjór, ómælt af krönum sem opnir voru til kl. 10 á kvöldin. Færi svo að einhver borðaði yfir sig var því bjargað við með aðgangi okkar að svokölluðu “Wellness-centre” á hótelinu þar sem liggja mátti í heitum

pottum eða flatmaga á mjúkum dýnum á meðan meltingin stóð yfir. Óheimilt var að bera klæði á þeim stað og dvöl þar hin ánægjulegasta þótt ekki væri heimilt að neyta þar annarra drykkjarfanga en vatns. Í einni ferðinni vorum við reyndar á hóteli sem ekki bauð allan þennan lúxus en lá í miðri nektarnýlendu sem virtist helst sótt af fólki sem að aldri hefði getað verið foreldrar okkar sem þræddum stíga milli sólbaðsflatanna á leiðinni að tennisvöllunum.

Við höfðum þann hátt á að hefja tennisleik fljótlega eftir morgunverð og lékum í um 2 klst. áður en við gerðum hádegishlé, fórum þá í wellness-ið og létum þreytuna líða úr okkur áður en haldið var niður í bæinn og léttur hádegisverður innbyrtur á öldurhúsi í miðbænum. Um kl. 16 hófst síðari leiklotan dagsins en henni fylgdi það og afslöppun áður en sest var að kvöldverði sem jafnan stóð til kl. 22 þegar skrúfað var fyrir öl- og vínkrana. Eins og íþróttamönnum sæmdi var hófs gætt í hvívetna.

Dvölin í Porec var einnig notuð til að skoða borgina og nærliggjandi hérað. Hinir fáu rigningardaga voru m.a. nýttir til ferða suður eftir Istriaskaganu. Hann, einkum strandlengja hans, hafði verið hluti rómverska ríkisins en var síðan á miðöldum hluti Feneyjaríkisins og Ítalíu langtímum saman og minjar frá þessum tímum víða að sjá.



Rannveig og Anna í Rovinj

Heimsóttum við borgirnar Rovinj og Pula sem liggja sunnar við ströndina með vinsæl viðlegupláss fyrir lystisnekkjur auðmanna norðað úr álfunni. Á leiðinni til Porec eða á heimleið var gjarna höfð viðdvöl í Feneyjum og þær skoðaðar.



Guðmundur og Bragi á tennisvöllunum við Diamant Hotel 2008



Á Markúsartorginu í Feneyjum

Óhapp í Istriu

Ein þessara ferða er mér öðrum eftirminnilegri. Bragi Leifur átti það til að fara úr lið á hægri öxli og gerðist það í upphafi tennisleika dag einn. Tók hann því af stakri ró, lagðist á bekk einn og sagði það ekkert mál að kippa handleggnum í liðinn eftir nokkra slökun. Það gekk þó ekki þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir svo við fórum á heilsugæslustöð í grenndinni. Þar sem enginn læknir var á stöðinni gátum við ekki fengið þjónustu þar en var vísað á lítið sjúkrahús í Rovinj í ca 30 km fjarlægð eða á héraðssjúkrahúsið í Pula enn öðrum 30 km fjær.

Ókum fyrst til Rovinj og hittum þar fyrir lækni sem talað lítt aðrar tungur en innfæddra og hrafl í þýsku. Hann gerði sitt besta til að laga öxlina en án árangurs og sendi okkur áfram til Pula. Bragi var nokkuð þjáður en spaugsamur og bjartsýnan og gerði grín að sér og okkur þar til komið var á

sjúkrahús í Pula, stórbyggingu líklega af sovjétskri að gerð sem mikið hafði verið lagt í á sínum tíma, hátt til loftis og breiðir gangar lagðir marmara en orðin heldur lúin og óvistleg.

Innan stundar kom til okkar ungur læknir menntaður á Ítalíu og ágætlega mæltur á ensku, kurteis og geðþekkur. Fór strax vel á með þeim Braga. Hann lofaði honum bestu þjónustu en líklega yrði svæfing nauðsynleg og gæti tekið alllangan tíma, sem kom á daginn. Komið undir miðnætti þegar við gátum lagt af stað til baka. Bragi var hin hressasti með arminn í fatla og birgur af verkjatöflum. Hungur sótti að okkur en við fundum enga opna verslun eða vertshús í Pula nema sóðalega sjoppu við hafnartorgið sem seldi fitulöðrandi hamborgara sem enduðu að mestu í ruslinu.

Ferð um Slóveníu og Júlíönsku Alpana



Slappað af í Ljubljana



Veitingahúsið Koca na Gozdu 1226 m. hæð



Bragi í Vrsic skarði 1611 m. hæð

Þótt Bragi hafi verið fjölhæfur tennisleikari gat hann ekki spilað með hægri höndina í fatla. Nokkrir dagar voru til heimferðardags og ákváðum við Braga að yfirgefa Porec en nota tímamann til að skoða okkur um í Slóveníu á leið til Feneyja. Ferðafélagarnir voru ekki háðir okkur með ferð til baka og gátum við tekið annan bílanna sem við höfðum til umráða.

Héldum við fyrst til Ljubljana höfuðborgar Slóveníu þar sem við gistum áður en farið var til Bled í norðvestur horni Slóveníu. Eftir gistingu á bökkum Bled vatnsins skoðuðum við borgina og Bled kastalann sem byggður var á miðöldum á kletti við vatnið. Bragi var góður ljósmyndari og til að taka myndir þaðan bárum við nokkur kíló af myndavélum og linsum með okkur upp óteljandi tröppur sem þangað lágu.

Næsta dag héldum við til Ítalíu yfir Júlíönsku Alpana, fjalllendi á mörkum Slóveníu og Ítalíu sem nefnt er eftir Júlíusi Sesar. Yfir það liggja vegir um nokkur fjallaskörð og völdum við að sjálfsgöðu hið hæsta þeirra, Vrsic skarðið, sem liggur í 1611 metra hæð milli allt að 2900 metra hárra fjalla.

Á veginum upp í skarðið eru um 50 hárnálabeygjur og áðum við á veitingastað í 1226 metra hæð.

Náttúrfar á leiðinni var stórkostlegt, snarbrattar fjallshlíðar með barrskógi og gróðri í allt að 2000 metra hæð, að hluta huldar þokuslæðum. Niður úr skarðinu er vegurinn aflíðandi niður Soca dalinn til borgarinnar Kobarid og þaðan yfir landamærin til Ítalíu og til Feneyja. Ferðin heim gekk vel þrátt fyrir að vegabréf mitt væri útrunnið en Bragi huggaði mig

með því að ekki myndi væsa um mig að bíða nokkra daga eftir nýjum passa, ítölsk matargerð væri rómuð, vínið ódýrt og gott. Á það reyndi þó ekki að þessu sinni.

Bridgespilarinn

Bragi var ekki við eina fjölinu felldur í áhugamálum og íþróttaiðkun. Hann var góður skákmaður þegar á unga aldri en var þó þekktari sem bridgespilari. Þeirri hlið hans kynntist ég ekki nema af afspurn utan einu sinni á starfsárum okkar í fjármálaráðuneytinu. Það orð lá á að í ráðuneyti landbúnaðar væru kræfir bridgemenn og ráðuneytisstjóra okkar, sem einnig var kunnur af áhuga á spilum, hafði borist áskorun um einvígi milli ráðuneytanna. Þótti heldur illt í efni því lið landbúnaðar var skipað ráðherra, ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanni ráðherra, allir þekktir að harðfylgni við spilaborðið auk fjórða manns sem ekki var aukvísir heldur. Varð að ráði að leita til Braga um liðveislu. Veitti hann okkur góð ráð fyrir upphaf leiks og skyldum við gæta vel að og leggja á minnið allt sem merkilegt mætti telja við sagnir og spilamennsku andstæðinga okkar. Fór svo að í fyrri hluta einvígisins, áður en skipt var um mótherja, hallaði nokkuð á okkur. Í hléinu bárum við saman bæurnar. Bragi lýsti sögnum og háttum þeirra sem við tveir höfðum spilað við og fékk lýsingu frá okkar mönnum á hinu borðinu. Greindi hann veikleika þeirra og klæki og þær villur sem við höfðum gert og lagði á ráðin um framgöngu í síðari hálfleik. Að leikslökum kom í ljós að við höfðum unnið frækinn sigur á landbúnaðarmafurni.

Þessi sigur telst efalaust minni háttar á spilaferli Braga sem innbyrti fjölda meistaratitla við spilaborðið ekki síst í tvímenningi með félaganum sínum Sigtryggi Sigurðssyni sem eins og Bragi háði líka marga hildina þar sem reyndi á líkamlega hæfni sem glímumaður og margfaldur Íslandsmeistari í þeirri grein. Frægt er að flestum lýsingum af glímum hans lauk með orðunum "... og Sigtryggur vann." Að breyttu breytanda hefði mátt ljúka flestum frásögnum af viðureignum þeirra Braga við spilaborðið með sama hætti.

Minningin um Braga Leif

Það er gott að eiga þessi minningarbrott og önnur um traustan vin og góðan félagan ekki síst vegna þess að þau lýsa lyndiseinkennum Braga. Hvort sem var í starfi eða leik, í félagsskap eða keppni skinu þau ætíð í gegn. Bragi var einlægur og tryggur vinur, hann var hjálpsamur og taldi aldrei eftir sér viðvik sem hann vissi að kæmu öðrum vel. Við félagarnir þekktum vel og dáðum þá umhyggju sem hann sýndi foreldrum sínum og aðstoð hans við föður sinn í listiðkun hans.

Bragi hafði líka sterkar skoðanir á mönnum og málefnum, hélt þeim einarðlega fram en lét það ekki varða vinslitum þótt viðmælandinn væri á öðru máli. Hann hafði ríka réttlætiskennd og samúð með þeim sem stóðu halt í lífinu af einhverjum ástæðum og tók jafnan málstað þeirra sem minna máttu sín. Hann var kappsamur en um leið jafnlyndur og geðgóður og átti auðvelt með samskipti við alla, fordómalaus og góðviljaður. Það var gott að eiga hann að vin. Nærvera hans var gefandi.